

83. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 23. apríl 2019 og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir varaformaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi og Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Dagskrá:

1. Umferðaröryggisáætlun Ísafjarðarbæjar - 2010120030

Uhverfisfulltrúi kynnur vinnu við umferðaröryggisáætlun 2019.

Nefndin felur umhverfisfulltrúa að vinna umferðaröryggisáætlun í samræmi við umræður á fundinum og kynna á næsta fundi, einnig að óska eftir við Vegagerðina að hraðatakmarkandi ljósaskilti verði sett upp við innkomu í þéttbýliskjarna Ísafjarðarbæjar.

2. Aðgerðir Ísafjarðarbæjar í loftslagsmálum - 2018110005

Lögð fram ný drög að umhverfisstefnu Ísafjarðarbæjar, uppfærð með hliðsjón af alþjóðlegum heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun.

Frestað til næsta fundar.

3. Skipulagsstofnun óskar umsagnar Ísafjarðarbæjar - 2016070031

Lagt er fram bréf Jóns Smára Jónssonar, f.h. Skipulagsstofnunar, dags. 9. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna beiðni Íslenska Kalkþörungafélagsins, Bíldudal, um framleiðsluaukningu. Fyrirspurn Íslenska Kalkþörungafélagsins um matsskyldu vegna framleiðsluaukningar á Bíldudal gefin út í apríl 2019 er jafnframt lögð fram til kynningar.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1058. fundi sínum 15. apríl sl. og vísaði því til umsagnar umhverfis- og framkvæmdanefndar og skipulags- og mannvirkjanefndar.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd telur að nægjanlega sé gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun, nefndin telur framkvæmdin því ekki háða mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til innsendra gagna og viðauka 2 í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

4. Fjárhagsáætlun 2020 - 2019030031

Fyrsta umræða um gjaldskrár sem tilheyra umhverfis- og framkvæmdanefnd.

Nefndin felur umhverfisfulltrúa að yfirfara gjaldskrár með hliðsjón af ársreikningi

Ísafjarðarbæjar fyrir starfsárið 2018 og leggja fram á næsta fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Ralf Trylla

Brynjar Þór Jónasson